Brú.

Brú er ein af fimm hjáleigum Hæringsstöðatorfunnar frá 1768, hálflendan í eigu Þorleifsgjafasjóðs, en hinn hlutinn hefur verið í enkaeign og keypta Holtsbændur ~~þann hlutann~~ hann 1964 af Vilhjálmi Þór og dánarbúi Skúla Thorarensen. Þetta er efsta jörðin í hreppnum (í nordausturhorninu) fjærri öllum vegum og enginn bali ödrum hærri. Jörðin er landlítil (samanber fasteignamatið frá 1861, en það er skráð með Hæringsstöðum og eftir því fóru fram landskifti milli jarðanna 1927 og 1939) ~~—~~. Samt virðist þetta hafa verið besta jörðin í hreppnum miðað við hið forna búskaparlag, ásamt Oddagörðum og Gljákoti. Tún var ekkert að heitið gæti, en greiðfærar og grasgefnar engjar útfrá bæ og heyfall mjög gott. Auk þess eru vallendisrimar sem gefa ágæta beit. Þorna bjugga efnaðir bændur, hver á eftir ödrum. Samgöngurnar ollu því að jörðin fór í eyði 1950 – enda ekki fallin til túnræktar, sem þá var keypt að.

Fasteignamat 1977: Jörð 195 þús. Fm 1861: 5.36 hundr.

Ábúendur:

1891-1913 Magnús Gunnarsson og Ástríður Eiríksdóttir
1913-1924 Águst Jónsson og María Jóhannsdóttir
1924-1934 Hallmundur Einarsson og Ingibjörg Bjarnadóttir
1934-1944 Guðmundur Jóhannesson og Ingibjörg Arnadóttir
1944-1950 Systkinin Sigurgeir Jónsson og Jónína Jónsdóttir, þingeyingar

7435
A-4